

EFTIRLITSSKÝRSLA

FISKELDI HRAÐFRYSTIHÚSS GUNNVARAR HF.

Dagsetning	31.10.2011	Fulltrúi UST	Gísli Jónsson
Fyrirtæki	Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.	Starfsleyfi, gildir til 1. september 2018	
Heimilisfang	Hnífsdalsbryggju, Hnífsdal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630169-2249	Fulltrúar fyrirtækis	Kristján G. Jóakimsson
Isat nr.		Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	2000 tonna fiskeldi		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit. Annars vegar varðandi notkun á kopar til varnar gróðurmyndun á nótum eldiskvía og hins vegar er eftir að gera efnamælingar í sjó sbr. grein 3.3 í starfsleyfi. Gerð var ein athugasemd varðandi skráningu fyrirtækjaflokks í grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Litið yfir kvíastæði úr landi með tilliti til staðsetningar og umfang eldisins.

Farið yfir niðurstöður vöktunarmælinga

Farið yfir notkun kopars í gróðurhindrandi málningu á nótum eldiskvía

Rætt um drög af vöktunaráætlun



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Fram kom í eftirliti að fyrirtækið notar gróðurhindrandi málningu sem inniheldur kopar á nætur eldiskvía. Losun á kopar í vatn er háð starfsleyfi sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Ekki er fjallað um losun kopars í núverandi starfsleyfi fyrirtækisins og þar með gefur það ekki leyfi fyrir losun.

Fráviki frá 7. gr. reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Frávik 2: Þegar vöktunarmælingar voru gerðar 2009 voru ekki gerðar efnagreiningar á sjó sbr. grein 3.3 í starfsleyfi. Bent var á að best væri að gera þessar mælingar yfir vetrartímamann.

Frávik frá grein 3.3. í starfsleyfi.

Athugasemd 1: Gerð var athugasemd við að fyrirtækjaflokkurinn er rangt skráður í græna bókhaldi fyrirtækisins. Fyrirtækjaflokkur fiskeldis er 6.10 skv. reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Önnur atriði:

Farið var yfir botndýrarannsóknir sem voru gerðar árið 2009 en lokaskýrsla með niðurstöðunum kom út í janúar á þessu ári. Í úrdrætti skýrslunnar kom fram að gera þyrfti áætlanir um að hvíla sum kvíasmæðin. Nú er verið að hvíla allan Álftafjörðinn.

Fyrirtækið hefur skilað inn drögum að eftirlitsáætlun en ekki ennþá skilað inn endanlegri áætlun. Verið er að vinna að leiðbeiningum um gerð vöktunaráætlana hjá Umhverfisstofnun og eðlilegt að endanleg vöktunaráætlun verði gerð þegar þær leiðbeiningar liggja fyrir.

Reykjavík, 21/12/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.